



Kristín B. Reynisdóttir – sjúkraþjálfari



Helena Konráðsdóttir – félagsráðgjafi

VIRK

Starfsendurhæfingarsjóður

Þjónusta við einstaklinga af erlendum uppruna

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður vinnur að því að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Það er gert með því að aðstoða þá með markvissri ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. VIRK er nú á sínu sautjándá starfsári og hefur frá upphafi sinnt ríflega 22.000 einstaklingum. Af þeim hafa um 17.000 lokið þjónustu og 13.000 náð því markmiði að starfsgeta sé eflað með þátttöku á vinnumarkaði, annaðhvort að hluta til eða að öllu leyti (Vigdís Jónsdóttir, 2024).

Mikilvægur þáttur í starfsemi VIRK er að starfsemin geti þróast, breyst og batnað og sé vakandi fyrir samfélagslegum breytingum og áskorunum sem þeim fylgja. Ein slík áskorun sem VIRK hefur staðið frammi fyrir undanfarið er fjölgun einstaklinga af erlendum uppruna sem sækja þjónustu VIRK. Með auknum fjölda fólks af erlendum uppruna og margbreytilegra íslensku sam-

félagi er óhjákvæmilegt að þeir sem sækja um í starfsendurhæfingu hjá VIRK endurspegli breytileikann. Árið 2020 voru einstaklingar með annað þjóðerni en íslenskt í þjónustu hjá VIRK 6% af heildinni, en við síðustu úttekt (2024) var hlutfallið komið í 12%. Þessi aukning sýnir vel hversu nauðsynlegt það er að skoða þennan hóp nánar og gefa honum vægi með það að markmiði að geta veitt þjónustu á sem faglegastan hátt og mætt ólíkum þörfum innan hópsins. Einn þáttur í því er að vekja athygli á stöðu hópsins og taka markvisst tillit til þeirra sem í honum eru með því að skapa þeim tækifæri til starfsendurhæfingar sem getur leitt af sér nýtingu á dýrmætum mannauði. Í þessari grein verður til umfjöllunar sú þekking og reynsla sem skapast hefur hjá VIRK af því að taka á móti beiðnum og vinna að endurhæfingu einstaklinga af erlendum uppruna. Áskoranirnar eru margar en tækifærin þeim mun fleiri.

Höfundar greinarinnar starfa sem sérfræðingar á mats- og rýnisviði hjá VIRK og mynda teymi í málefnum einstaklinga af erlendum uppruna sem sækja um þjónustu VIRK.

RÉTTUR FÓLKS Á ÞJÓNUSTU VIRK

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður starfar og setur skilyrði fyrir þjónustu eftir lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. *Almenn meginskilyrði* fyrir þjónustu hjá VIRK eru:

1. Að viðkomandi geti ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga.

2. Að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
3. Að geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Auk þessara megin skilyrða gilda einnig ýmsar reglur samkvæmt alþjóðasamningum íslenska ríkisins um erlenda ríkisborgara sem búsettir eru á Íslandi. Til að mynda eiga ríkisborgarar EES/EFTA¹ sem hafa *fasta búsetu* hér á landi rétt á þjónustu hjá VIRK uppfylli þeir skilyrði laga nr. 60/2012 að öðru leyti.

Ríkisborgarar utan EES/EFTA með ótímabundið atvinnuleyfi hér á landi eiga einnig rétt á þjónustu VIRK uppfylli þeir skilyrði laga nr. 60/2012 að öðru leyti. Slíkt hið sama á einnig við um þá sem hafa fengið alþjóðlega vernd á grundvelli mannúðarsjónarmiða og þá sem koma sem flóttamenn í boði stjórnvalda. Einstaklingar sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd (hælisleitendur) eiga hins vegar ekki rétt á atvinnutengdri starfsendurhæfingu á grundvelli laga nr. 60/2012. Það er vegna óvissu um framtíð þeirra hér á landi því að Útlendingastofnun hefur ekki tekið afstöðu til dvalarleyfis og þar af leiðandi ekki til atvinnuleyfis.

Þegar um er að ræða einstaklinga utan EES/EFTA sem sækja um þjónustu hjá VIRK eru þeir beðnir að skila inn til VIRK afriti af gögnum útgefnum af Útlendingastofnun til að sýna fram á stöðu sína. Reglurnar hér að framan eru þó ekki tæmandi, enda um fjölbreyttan hóp að ræða. Því er hægt að óska eftir skoðun VIRK þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Er þá kallað

eftir viðeigandi gögnum og lagt mat á skilyrði fyrir þjónustu.

INNTÖKUFERLI VIRK

Ferlið í inntöku hjá VIRK er á þann veg að lækni og eftir atvikum aðrir heilbrigðisstarfsmenn fylla út beiðni til VIRK um þjónustu fyrir einstaklinga ef þeir uppfylla áðurgreind almenn skilyrði um þjónustu. Í þeirri beiðni er m.a. spurt um ástæður óvinnufærni, sjúkdómsgreiningar, sjúkrasögu og skoðun læknis m.t.t. skertrar starfsgetu. Þá er einnig spurt um þjóðerni og hvort umsækjandi þurfi þjónustu túls. Umsækjendur svara svo spurningalista VIRK með eða án aðstoðar túls. Þar er m.a. spurt nánar út í heilsufar, náms- og vinnusögu, fjölskylduhagi, búsetu, framfærslu og stöðu á vinnumarkaði. Þá skrifa umsækjendur undir upplýst samþykki hjá VIRK þar sem þeir samþykkja að leita megi til ákveðinna aðila, samkvæmt skilyrðum, eftir upplýsingum sem þörf þykir á. Það getur til dæmis verið félagsþjónustan, heilsugæsla, Landspítalinn og aðrar viðeigandi stofnanir og fagaðilar. VIRK leggur áherslu á faglegt og gott samstarf við fagaðila innan heilbrigðis- og velferðarkerfisins með það að markmiði að tryggja réttar áherslur í þjónustu. Allri upplýsingaöflun VIRK er gagnert hagað þannig að fá megi sem heildstæðasta sýn á vanda einstaklingsins svo að vinna megi með honum á sem skilvirkastan hátt, mæta honum þar sem hann er staddur og horfa á málið með heildarsýn að leiðarljósi.

Hafa þarf sérstaklega í huga þegar beiðnir einstaklinga af erlendum uppruna eru skoðaðar að í sumum tilfellum geta svör og upplýsingar verið mistúlkaðar og ósamræmi orðið í svörum, t.d. vegna tungumálaerfiðleika eða annars

misskilnings. Óhjákvæmilega er sjúkrasaga einstaklinga af erlendum uppruna í sumum tilfellum óljós og erfitt getur reynst að afla upplýsinga um fyrri meðferðir og endurhæfingu. Í þeim tilfellum þar sem skortir á upplýsingar er lögð áhersla á að leita allra leiða til að afla nauðsynlegra gagna. Í inntökuferlinu er lögð mikil áhersla á aðkomu túlka þar sem þörf er á, hvort sem það er við útfyllingu spurningalista, þegar óskað er eftir frekari gögnum eða í mati læknis eða sérfræðinga VIRK.

FRAMFÆRSLUKERFIN

Eins og staðan er í dag í íslensku velferðarkerfi er framfærsla í veikindum nátengd stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði. Ávinnsla réttinda eins og veikindaréttar hjá vinnuveitanda, sjúkradagpeninga stéttarfélaga og örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum miðast við þátttöku á vinnumarkaði og vinnusögu einstaklings. Það segir sig sjálft að einstaklingar af erlendum uppruna sem dvalist hafa í stuttan tíma hér á landi og/eða verið utan vinnumarkaðar eiga ekki í slíka sjóði að sækja. Helsta framfærsluleið fólks í slíkri stöðu er eftir atvikum fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og/eða Sjúkratrygginga Íslands. Réttur til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er ætlaður einstaklingum sem eru óvinnufærir vegna sjúkdóma eða slysa og eru í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað. Grunnfjárhæð endurhæfingarlífeyris er 421.380 krónur á mánuði fyrir skatt með heimilisuppbót (Tryggingastofnun ríkisins, 2024). Til samanburðar er fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar til einstaklinga allt að 239.895 kr. á mánuði og til hjóna eða fólks í sambúð allt að 383.832 kr. á mánuði (Reykjavíkurborg, 2024).

1 Frá Austurríki, Belgíu, Búlgaríu, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Portúgal, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.



Hafa þarf sérstaklega í huga þegar beiðnir einstaklinga af erlendum uppruna eru skoðaðar að í sumum tilfellum geta svör og upplýsingar verið mistúlkaðar og ósamræmi orðið í svörum, t.d. vegna tungumálaerfiðleika eða annars misskilnings

Þær tölur sem VIRK hefur tekið saman (2024) sýna að einstaklingar af erlendum uppruna eru mun ólíklegri til að njóta veikindaréttar hjá vinnuveitanda en Íslendingar þegar þeir sækja um þjónustu VIRK (Vigdís Jónsdóttir, 2024). Reynsla VIRK er sú að framfærslutengdir þættir einstaklinga af erlendum uppruna séu oft í meiri óvissu, ótryggari og háðari hinu opinbera, ríki eða sveitarfélögum. Þetta er ákveðin einföldun út frá fjölþættu framfærslukerfi en gefur samt til kynna að fjárhagsleg staða einstaklinga af erlendum uppruna sé oft á tíðum þung, þeir tekjulægri og án margra réttinda eða réttindin verulega skert.

ÁSKORANIR

Margvíslegar áskoranir eru fólgnar í því að veita sem besta þjónustu í starfsendurhæfingu hjá VIRK fyrir fólk af erlendum uppruna. Sú augljósasta er tungumálakunnátta. Því skal þó haldið skýrt til haga að engin skilyrði eru fyrir íslensku- eða enskukunnáttu til að vera í þjónustu VIRK. Fremur er það ákall okkar í VIRK að fleiri þjónustuaðilar gefi kost á úrræðum á öðrum tungumálum. Má geta þess að í nýlegri úttekt OECD um stöðu innflytjenda á Íslandi (2024) er bent á að íslenskan sé lykilþáttur í því að inngilda einstaklinga af erlendum uppruna í íslenskt samfélag og styðja þá félagslega og á vinnu-markaði. Þá standa þeir frammi fyrir áskorunum hvað varðar menntunarstig og atvinnuþátttöku. Menntunarstig einstaklinga af erlendum uppruna er mjög misjafnt og mikil breidd innan hópsins. Þetta er allt frá lítilli sem engri menntun, hvort sem um ræðir skyldunám eða framhaldsnám, til þess að einstaklingar eru mikið menntaðir en fá ekki atvinnutækifæri við hæfi. Svip-

aða sögu er að segja um atvinnuþátttöku þessa hóps. Vinnusagan er oft óljós, allt frá því að vera lítil sem engin til þess að vera mjög góð og fjölbreytt. Þá er það okkar reynsla að hjá hluta hópsins hallar verulega á menntun og vinnureynslu kvenna utan heimilis. Líkamlega erfið störf hafa oft verið það eina í boði fyrir marga einstaklinga af erlendum uppruna sem eru með litla menntun og tala hvorki íslensku né ensku. Slík störf henta yfirleitt illa fyrir fólk með líkamlegar hindranir og langvarandi stoðkerfisvanda. Önnur áskorun er félagsleg staða einstaklinga af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Staða þeirra er vissulega misjöfn, en það gefur augaleið að þeir sem flytjast hingað búferlum hafa fæstir viðlíka tengslanet, stuðning og réttindi og innfæddir.

Meðal þeirra faglegu áskorana sem kerfin glíma við, og þar á meðal við í VIRK, og hefur verið bent á í skýrslu OECD (2024) er skráning á upplýsingum um þjóðerni einstaklinga. Allar aðgerðir, úrræði og rannsóknir sem gerðar eru byggjast nefnilega á þeim upplýsingum sem er að finna um þjóðerni einstaklinga. Skráningar liggja fyrir en skilningur á hugtakinu „þjóðerni“ er með ýmsu móti. Sumir virðast líta svo á að þjóðerni miðist við fæðingarland á meðan aðrir telja að það eigi við um landið sem viðkomandi ólst upp í. Þar af leiðandi er einn vandinn mismunandi svör einstaklinga við spurningum um þjóðerni sem valda ákveðnu ósamræmi í upplýsingum. Mikilvægt er að kerfi sem halda utan um þjónustu og skráningu fyrir þennan hóp séu með réttar upplýsingar svo að unnt sé að sinna honum á réttum forsendum og út frá uppruna hvers og eins, menningu og stöðu, en ekki þurfi að setja alla undir sama hatt.

HVER ER STAÐAN Á ÞJÓNUSTU VIÐ EINSTAKLINGA AF ERLENDUM UPPRUNA?

Markmið starfsendurhæfingar er alltaf að einstaklingur með staðfestan heilsu- brest snúi aftur á vinnumarkað eða í nám að loknum viðeigandi stuðningi. Rannsóknir og tölfræði sýna að lang- flestir snúa til vinnu eða náms eftir starfsendurhæfingu hjá VIRK. Marg- vislegar áskoranir eru fólgnar í því að styðja fólk af erlendum uppruna aftur út á vinnumarkað, eins og áður var fjallað um. VIRK hefur gripið til ýmissa ráðstafana til að tryggja faglega og góða þjónustu við þessa einstaklinga. Þeim stendur t.d. öllum til boða tülka- þjónusta hjá ráðgjöfum VIRK og eins hefur verið samið við þjónustuaðila um sérhönnuð úrræði til að mæta þörfum þeirra (Vigdís Jónsdóttir, 2024).

Góður undirbúningur og gott inn- tökuferli skiptir miklu máli til að tryggja upplýsingar og að heildarsýn á mál ein- staklinganna sé eins og best verður á kosið. Hlutverk ráðgjafa VIRK er mjög veigamikil í starfi með einstaklingum af erlendum uppruna, en fagleg nálgun þeirra miðar að því að finna viðeigandi úrræði til að aðstoða einstaklinginn í vinnu með sinn heilsu- brest. Þar má m.a. nefna námskeið og matsbrautir fyrir fólk af erlendum uppruna. Flestir þurfa bæði á líkamlegri og andlegri uppbygg- ingu að halda, en í sjúkrapjálfun koma oft upp áskoranir tengdar tungumála- kunnáttu og möguleikum á fræðslu fyrir fólk með þráláta stoðkerfisverki. Þess má þó geta að boðið er upp á slíka fræðslu á pólsku á höfuðborgarsvæð- inu og vonir standa til að slíkt námskeið verði einnig í boði sem fjarúrræði. Þá eru bæði pólskir og spænskumælandi sálfræðingar í samstarfi við VIRK og flestir sálfræðingar geta einnig tekið fjarviðtöl sem geta nýst einstaklingum sem eru búsettir utan höfuðborgar-

svæðisins eða eiga ekki heimangengt í staðviðtöl. Þá eru í boði ýmis námskeið og einstaklingsúrræði á ensku og pólsku sem styðja einstaklinga til endurkomu í vinnu. Auk þessa geta einstaklingar af erlendum uppruna sótt tungumála- námskeið þar sem tekið er mið af getu hvers og eins, en tungumálaörðug- leikar hindra oft endurkomu til vinnu hjá þessum hópi. Stundum þarf tülkaþjón- ustu í úrræðum fyrir einstaklinga þegar tungumálið er hindrandi þáttur og er slík þjónusta pöntuð eftir þörfum hvers og eins. VIRK er sífellt að leita leiða til að efla úrræðamöguleika þessa fjölbreytta hóps og lausnamiðuð nálgun hefur ein- kennt þær aðferðir sem hingað til hefur verið beitt í starfsemi.

LOKAORÐ

Mikilvægt er að vekja athygli á mála- floknum og upplýsa að VIRK vill leggja sitt af mörkum til að skoða þennan hóp sérstaklega. Afla þarf nýrrar þekk- ingar og úrræði þurfa að þróast í takt við þarfir samfélagsins. Eins og áður mun VIRK leitast við að einbeita sér að innri starfsemi sinni og koma til móts við fjölbreyttar þarfir þjónustuþega VIRK. Leggja þarf áherslu á að eiga í virku og öflugum samtali og samstarfi við aðrar stofnanir og aðila sem koma að málum einstaklinga af erlendum uppruna sem stefna út á vinnumarkað.

HEIMILDIR

- Lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.
- OECD. (2024). *Skills and labour market integration of immigrants and their children in Iceland: Working together for integration*. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/96adc300-en>
- Reykjavík. (2024). Fjárhagsaðstoð. <https://reykjavik.is/fjarhagsadstod>
- Tryggingastofnun ríkisins. (2024). Endurhæfing- arlífeyrir. <https://island.is/umsokn-um-endurhaefingarlifeyri/upphaedir>
- Vigdís Jónsdóttir. (2024). Gerum betur – saman. *VIRK: Ársrit um starfsendurhæfingu*. VIRK Starfsendurhæfingarsjóður.



Mikilvægt er að kerfi sem halda utan um þjónustu og skráningu fyrir þennan hóp séu með réttar upplýsingar svo að unnt sé að sinna honum á réttum forsendum og út frá uppruna hvers og eins, menningu og stöðu, en ekki þurfi að setja alla undir sama hatt.